

3. bekkur íslenska

Námskrá 3. bekkjar í íslensku.

Inngangur:

Samkvæmt Aðalnámskrá skiptist námið í eftirfarandi þætti: Lestur og bókmenntir, talað mál og hlustun, málfræði og ritun. Auk þess leggur skólinn áherslu á að nemendur þjálfist í framsögn og læri að hlusta með athygli þegar aðrið flytja framsögu. Í skólanum er lögð áhersla á heildstæða móðurmálskenndu, þ.e.a.s. tengsl þessara þátta og viðfangsefna innbyrðis og að eðlilegur stígandi sé í náminu miðað við aldur og þroska nemenda.

Kennsluskipan:

Íslenska er samþætt við samfélags- og náttúrufræði. Unnið er eftir hugmyndum Byrjendalæsis þar sem samþætting tals, hlustunar, lesturs og ritunar er til grundvallar. Lögð er áhersla á að börnin lesi í skólanum, bæði fyrir kennara og bekkjarfélaga. Nemendur fá þjálfun í málnotkun, lesskilning og ýmis málfræðiatrúnaði þjálfuð með fjölbreyttum verkefnum. Áhersla er lögð á að nemendur lesi heima að minnsta kosti 5 sinnum í viku.

Nemendur vinna á vinnustöðvum samkvæmt hugmyndum Byrjendalæsis. Vinnustöðvar eru svæði þar sem nemendur vinna saman í litlum hópum og er árganginum blandað. Á stöðvunum eru fjölbreytt og þverfagleg verkefni í tengslum við námsefnið hverju sinni. Nemendur vinna sjálfstætt og í hópi eftir verkefni stöðvarinnar. Dæmi um verkefni geta verið t.d. í hljóðkerfisvitund, lestri texta, lesskilningi, samræður um verkefni. Einnig þjálfast nemendur í að draga ályktanir og kynna fyrir samnemendum sínum hvað þeir eru að fást við. Sambærileg verkefni eru unnin í ritun á samskonar stöðvum þar eru fjölbreytt ritsnið eru þjálfuð. Allar stöðvar eru með skýrum leiðbeiningum (stigskiptur stuðningur) um hvað gera skal. Kennari leggur inn og útskýrir vel hvað gera skal á hverri stöð.

3. bekkur íslenska

Námsþáttur: Talað mál, hlustun og áhorf

Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Nemendur lesa og endursegja frumsamdar sögur og ævintýri fyrir hópinn. Lesnar eru fjölbreyttar skáldsögur fyrir nemendur í nestistíma. Nemendur horfa á fræðsluefni á myndböndum. Nemendur eru þjálfaðir í hlustun með því að hlusta á aðra og nota hljóðbækur.

Hæfniviðmið:

Við lok 3. bekkjar getur nemandi:

- Notað skýrann og áheyrilegan framburð.
- Tjáð sig fram fyrir hóp með aðstoð leikrænnar tjáningar. Og hefur lært að standa fyrir máli sínu.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söng. Nemendur eru þjálfaðir í að greina frá upplifun sinni.
- Notað sér til gagns upplýsingar á rafrænu formi.
- Átt góð samskipti, hlustað á aðra og sýnt kurteisi.

3. bekkur íslenska

Námsþáttur: Talað mál, hlustun og áhorf

Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/Efnisval	Námsmat
Byrjendalæsi	Lesi og kynna verkefni sín	Leiðsagnarmat
Paralestur	Hlustun, lestur, draga saman og endursögn	Virkni í kennslustundum
Ljóð, hlustun, upplestur og myndbönd notuð sem kveikjur að verkefnum.	Ýmis myndbönd af vefnum t.d. nams.is og youtube	
Upplestur mismunandi texta	Hafið Ýmsar bækur ss.Fallegi flughvalurinn, Ensku rósirnar,Skilaboðaskjóðan Hringrásir	Sjálfsmat
Bekkjarfundir	Bekkjarfundir	
Kynningar á verkefnum og áhugamálum sínum	Nemendur spreyta sig á að skipuleggja og stjórna viðburðum tengda hæfileikum sínum og áhuga. Menningarmót og kynningar fyrir foreldra og samnemendur	Virkni í kennslustundum
Leikræn tjáning eða leikþættir byggða á námsefninu sem nemendur sjálfir úfæra		Leiðsagnarmat

3. bekkur íslenska

Námsþáttur: Lestur og bókmenntir

Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Nemendur fá aðgang að bókum og tíma fyrir yndislestur. Nemendur velja bækur hjá kennara eða á bókasafni til að lesa í frjálsum lestri. Lestrarbækur eru valdar af kennara og/eða nemendum til að nota í heimalestri. Unnið er með fjölbreytt söguform og ýmis verkefni til að auka lesskilning nemenda t.d. hugtakakort og krossglímu. Nemendur kynnist ólíkri ljóðagerð og ólíkum höfundum. Sértek íhlutun verður með margvíslegum hætti t.d. á nams.is.

Hæfniviðmið:

Við lok 3. bekkjar hefur nemandi hlotið þjálfun við að:

- Notað aðferðir við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skír.
- notað ríkari orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orða út frá samhengi texta.
- tengja þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess
- farið á bókasafn og valið sér bækur eftir áhugasviði eða lestrargetu.
- lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluðum börnum.
- greint söguþráð, umhverfi og boðskap.
- lesið og búið til mismunandi ljóð. Nemandi getur einnig greint rím í ljóðum.
- fundið upplýsingar í bókum og á rafrænu formi.
- lesið úr, nota tákmyndir og myndrænt efni sér til gagns.
- valið sér bækur við hæfi og lesið sér til yndisánægju.

3. bekkur íslenska

Námspáttur: Lestur og bókmenntir

Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/Efnisval	Námsmat
<p>Byrjendalæsi</p> <p>Yndislestur Nemendur velja bækur á bókasafni Nemendur velja sér lesefni og lesa í yndislestri (frjálsum lestri) í 20 mínútur á dag.</p> <p>Heimalestur</p> <p>Nemendur taka þátt í nokkrum lestrarátökum yfir árið, þar sem bækur og mínútur eru skráðar.</p> <p>Nemendur lesa valdar þjóðsögur, ævintýri, smásögur, dæmisögur og ljóð og vinna margvísleg verkefni úr þeim.</p> <p>Nemendur vinna með fjölbreytt form ljóða og vinna verkefni tengd rími og merkingu</p> <p>Nemendur þjálf sig í að lesa úr myndrænum upplýsingum og vinna verkefni tengd þeim.</p>	<p>Skáldsögur, tímarit, myndasögur, fræðibækur o.fl. af safni og að heiman.</p> <p>Ýmsar bækur.</p> <p>Bækur, valdar eftir áhuga og lestrargetu.</p> <p>Lestarátök s.s. Drekalestur, lestarátak Heimilis og skóla</p> <p>Paralestur, upplestur, leikræn tjáning og leikir</p> <p>Lestur og myndskreyting</p>	<p>Hraðlestrarpróf á 3 x yfir skólaárið. Lesskilningspróf, Orðarún og aðrir textar t.d. af skólavefnum.</p> <p>Kvittunarhefti vegna heimalestrar.</p> <p>Bækur um dreka. Símat, skráning á tilheyrandi skráningarblöð.</p> <p>Sjálfsmat og leiðsagnarmat</p>

3. bekkur íslenska**Námsþáttur: Ritun**

Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Nemendur vinna fjölbreytt ritunarverkefni og þjálfast sig í skrift. Verkefni eru ýmist frjáls eða fyrirfram ákveðin af kennara. Unnið verður með margvísleg ritunarverkefni á stöðvum þar sem hver ritunarþáttur er kenndur sérstaklega. Nemendur eru æfðir í að fara eftir stafsetningarreglum svo sem að hafa bil á milli orða og nota stóran staf á eftir punkti og í sérnöfnum. Einnig eru þeir þjálfaðir í uppbyggingu málsgreina og orðaforða.

Hæfniviðmið:

Við lok 3. bekkjar hefur nemandi hlotið þjálfun í að:

- Draga rétt til stafs og skrifa skírt og læsilega.
- Nota upphaf, meginmál og niðurlag í ritun.
- Semja og skrifa fjölbreytta texta frá eigin brjósti.
- Nota einfaldar stafsetningarreglur.
- Nota fyrirmyndir í ritun, eins og til dæmis með lestri bóka, blaða eða rafrænu efni.
- Skrifa texta á tölvu og beita einföldum aðgerðum í ritvinnslu.
- Skrifa texta og flytja texta með upplestri.

3. bekkur íslenska

Námsþáttur: Ritun

Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/Efnisval	Námsmat
<p>Orð úr orði</p> <p>Nemendur fá þjálfun í skrift og þjálfna persónulega rithönd sína með því að vinna hin ýmsu verkefni.</p> <p>Nemendur þjálfna sig í fingrasetningu.</p>	<p>Lykilorð vikunnar unnið eftir hugmyndum byrjendalæsis.</p> <p>Skrift 3 og 4 ásamt hinum ýmsu ritunarverkefnum.</p> <p>Fingrafimi 1 og 2 af nams.is.</p>	<p>Skriftarpróf á 2x yfir skólaárið.</p>
<p>Sóknarskrift</p> <p>Nemendur skrifa heimildaritgerð þar sem stuðist er við fræðibækur. Nemendur skrifa uppkast sem þeir endurrita síðan í tölvu.</p>	<p>Valdir textar úr því námsefni sem unnið er með hverju sinni</p>	<p>Leiðsagnarmat.</p> <p>Sjálfsmat</p>
<p>Nemendur undirbúa námsstöðvar þar sem útbúin eru verkefni fyrir foreldra sem þau leysa síðan í sameiningu.</p> <p>Foreldrum er boðið á menningarmót þar sem nemendur undirbúa og kynninga menningu skólans.</p>	<p>Valið námsefni sem undan hefur verið unnið með.</p> <p>Menningarmót.</p>	<p>Sjálfsmat.</p>

3. bekkur íslenska

Námsþáttur: Málfræði

Áherslur og megintilgangur námsþáttar:

Grundvallarhugtök málfræði eru þjálfuð í gegnum ritun og verkefnavinnu. Nemendur vinna með eftirfarandi hugtök: bókstafur, orð og setning, samheiti/andheiti, sérnöfn/samnöfn, nafnorð, samsett orð, rímorð, kyn orða, eintala/fleirtala, einfaldur og tvöfaldur samhljóði og stafrófið

Námsgögn

Hæfniviðmið:

Við lok 3. bekkjar hefur nemandi hlotið þjálfun í:

- Töluðu máli og ritun. Orðaforði og málskilningur hefur aukist hjá nemenda.
- Að þekkja bókstafi og hljóð þeirra, lært hugtökin orð og samsett orð. Nemandi þekkir hugtakið málsgrein.
- Að raða í stafrófsröð og gerir sér grein fyrir notagildi þess.
- Að þekkja nafnorð, lýsingarorð og sagnorð.
- Notkun eintölu, fleirtölu, kyns og margræðni orða.
- Að búa til málsgreinar og getur greint hverjar þær eru.
- Notkun sérnafna og samnafna og getur bent á þau í eigin texta.
- Að leika sér með orð og merkingu.
- Að nota íslenska málfræði.

3. bekkur íslenska

Námsþáttur: Málfræði

Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/Efnisval	Námsmat
Byrjendalæsi	Unnið er á stöðvum þar grundvallarhugtök málfræðinnar er þjálfuð.	Hluti af íslenskuprófi.
Nemendur nota stafrófið með hjálp starfrófsvísna og stafrófsspjalda.	Nemendur raða stuttum og lengri orðum í stafrófsröð.	Próf og verkefnabækur.
Nemendur vinna ýmis verkefni til að þjálfa grundvallarhugtök málfræðinnar. Greina orðflokka og nýta þekkingu sína við ritun texta.	Ritrún	Próf og verkefni.
Nemendur vinna verkefni til að þjálfa stafsetningu.	Upplstur og ýmis verkefni.	Ritunarbók
Nemendur bæta orðaforða sinn með því að vinna markvisst með samsett orð sem og orðum úr námsefni.	Orð dagsins, krossglíma og orð úr orði.	Ritunarbók